

Sumarferð Skafftellingafélagsins

Laugardaginn 7. júní verður farin hin árlega sumarferð félagsins. Lagt verður af stað frá Breiðholtskirkju í Mjódd, kl. 10. Komið við í Hellisheiðarvirkjun, þá farið austur í dýrasafnið á Stokkseyri. Eftir það verður ekið upp Grafning og um Kjósarskarð, út Hvalfjörð og undir lok ferðar komið í safnið að Gljúfrasteini.

Verð fyrir rútuferð og söfn er kr. 4.000

Skráning og upplýsingar hjá Skúla í síma 864 3415 til og með 4. júní.



Hreinsunardagur í Heiðmörk laugardaginn 24. maí, kl. 10-15.
(sjá kort í opnu)

Takið með sagir, klippur og góða vinnuhanska.

Heimasíða Skafftellingafélagsins - www.skaft.is

Undanfarin misseri hefur heimasíða félagsins verið í smíðum austur á Hornafirði. Það er margmiðlunarfyrtækið Galdur sem hefur átt veg og vanda að henni. Í framtíðinni verður hægt að skyggjast inn í sögu félagsins, þá verða þar fréttir af félagsstarfinu, myndasíða og tilkynningar um samkomur og aðra dagskrárlíði. Hafi menn áhugavert efni til birtingar, skal hafa samband við Svavar eða Skúla Oddsson

Stjórn Skafftellingafélagsins 2007-2008

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	693 7425	armann@verktaki.is
Ingibjörg Ingimundardóttir	478 1570	862 3433	ingaingi@mi.is
Stefán Bjarnason	565 3919	822 8895	stefan@seltjarnarnes.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@teknik.is

Varamenn

Guðrún B Jónsdóttir	587 3315	659 3315	gulla@straumur.net
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpalsson@actavis.is
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177	jrbass@mmedia.is

Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: skaftfellingar@simnet.is



Mýrdalshreppur

óskar öllum Skafftellingum gleðilegs sumars

think

Fréttabréf

Skafftellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. apríl 2008

Endursendist með upplýsingum um
nytt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Vortónleikar Söngfélags Skafftellinga Seltjarnarneskirkja**
fimmtudaginn
1. maí 2008, kl. 14

- **Kaffiboð aldraðra Skafftellinga Seltjarnarneskirkja**
fimmtudaginn
1. maí 2008, kl. 16

- **Aðalfundur Skafftellingafélagsins**
fimmtudaginn
22. maí 2008
kl. 20:30

- **Hreinsunardagur í Heiðmörk**
laugardaginn
24. maí 2008,
kl. 10-15

- **Sumarferð Skafftellingafélagsins**
laugardaginn
7. júní 2008

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 10

- **Heimasíða**
www.skaft.is

Vortónleikar

Söngfélag Skafftellinga
heldur sína árlegu vortónleika í

Seltjarnarneskirkju
1. maí 2008, kl. 14:00

Á efnisskránni eru innlend og erlend sönglög.

Stjórnandi
Friðrik Vignir Stefánsson

Undirleikarar
Ástvaldur Traustason, harmonikka
Jón Rafnsson, kontrabassi
Vignir Þór Stefánsson, píanó


Aðgangseyrir kr. 1.500

Kaffiboð aldraðra

Í framhaldi af tónleikum Söngfélagsins um kl. 16, er boðið til kaffisamsætis í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju. Þar flytur kórinn nokkur lög og verður sitthvað fleira til gamans gert.

Málþing um skógræktina

Málþing um skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk var haldið í gamla bænum að Elliðavatni, 17. apríl, kl. 20. Skúli Oddsson fór yfir sögu reitsins sem nær aftur til 1950. Þá rakti Kristján Bjarnason stafsmaður Skógræktarinnar sögu staðarins og Heiðmerkur frá dögum Þorsteins Ingólfssonar til vorra daga. Fundurinn var haldinn í húsi sem Benedikt Sveinsson faðir Einar Benediktssonar lét gera, en seinna eignaðist Einar staðinn. Árið 1936 var byrjað að ræða um að gera Heiðmörk að því almennings útivistarsvæði sem það er orðið í dag. Kristján lagði fram tillögur að göngustígum og annarri aðstöðu og var nokkur umræða um þau mál. Að lokum voru sýndar myndir frá upphafsárum reitsins.



Aðalfundur Skaftfellingafélagsins

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 22. maí 2008, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

Skálm

Skálmáð verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 10 (2 klst.)
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.

Alla miðvikudaga er gengið frá Lækjarásí þjálfunarstofu v/Stjórnugróf, upp Elliðaárdal að Árbæjarlaug og niður dalinn norðanmegin. Vegalengd er um 6,5 km, um 70 mín. gangur. Þá laugardaga sem gengið er á fjöll skal gera ráð fyrir allt að fjórum tímum í þær ferðir.

Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 3.5: Esja
- 10.5: Vífilsfell
- 17.5: Esja
- 24.5: Heiðmörk – hreinsunardagur félagsins
- 31.5: Esja

5.-12. Júní Sumarskálm í Skotlandi

- 14.6: Heiðmörk - Furulundur
- 21.6: Esja
- 28.6: Úlfarsfell v/skógrækt
- 5.7: Keilir

Þegar líður lengra á sumarið er fyrirhuguð dagsanga frá Skaftafelli inn Morsárdal, gegnum Bæjarstaðarskóg upp með Réttargili og upp á Eggjarnar þar sem Kjósinn opnast með allri sinni litadyrð. Reiknað með 8-10 tíma göngu. Nánar á heimasíðunni síðar.

Miðvikudagar til 15. okt.:
Elliðaárdalur frá Lækjarásí
(á Víkingssvæði)

Laugardagar til 15. okt.:
Heiðmörk - Furulundur.
Sjá einnig heimasíðuna www.skaft.is

Vorferð Söngfélagsins til Hafnar 2008

Lagt var upp í vorferðina föstudaginn 18. apríl, en þá var ekið sem leið lá á Kirkjubæjarklaustur, þar sem sungið var á elliheimilinu Klausturhólum, og síðan snædd súpa og brauð á hótelinu. Þaðan var haldið austur yfir sanda að Freysnesi í Óræfum, en þar áttum við bókaða gistingu í tvær nætur. Þegar við höfðum komið okkur fyrir á hótelinu var blásið til æfingar til að slípa nokkra vankanta. Að því loknu gengu sumir til náða, en aðrir kirtu á barinn til að róa sig niður fyrir svefninn. Klukkan 10 á laugardegnum var svo lagt upp í sól og logni til Hafnar. Ógleymanleg fjallasýn, þar sem fannhvítir og hreinir jöklarnir hreyktu sér yfir tignarleg fjöllin með sína víðfeðmu skriðjökla.



Staldráð var við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi sem var spegilslétt með fáum en fallegum ísjökum, og selum sem lágu uppi á ísröndinni í tuga - ef ekki hundraða tali. Komið var til Hafnar um hádegisbil, farið beint á hjúkunarheimilið og sungið. Að því búnu vorum við boðin í ósvikna HUMAR-súpu hjá Buggu og fleiri félögum í Samkór Hornafjarðar. Tónleikarnir í Hafnarkirkju kl. 15

voru vel sóttir og undirtektir góðar. Úr kirkjunni var gengið yfir á Hótel Höfn í kaffihlaðborð, þar sem heimamenn og kórfélagar blönduðu geði dágóða stund. Síðdegis var haldið sem leið lá aftur í Freysnes. Um kvöldið var smá upphitun, síðan hátíðarkvöldverður, frjáls söngur og hjóðfæraleikur fram yfir miðnætti. Samtals voru sex harmonikkuleikarar og tveir gítarleikarar sem gátu skipst á að halda uppi dampi. Að morgni sunnudags fór nokkur hluti hópsins í klukkustundar gönguferð upp að Svínafellsjökli.



Sjá fleiri myndir á www.flickr.com/photos/kristinn

Á hádegisbili var svo ekið beina leið til Víkur í Mýrdal þar sem sungið var á elliheimilinu Hjallatúni. Eftir pulsu og kók í Víkurskála var haldið síðasta spölinn heim á leið og komið til bæjarins um miðaftann. Lokatónleikar kórsins verða í Seltjarnarneskirkju 1. maí, kl. 14. Gestum er boðið í kaffihlaðborð í safnaðarheimilinu á eftir. Söngstjóri er Friðrik Vignir Stefánsson og undirleikarar Ástvaldur Traustason, Jón Rafnsson og Vignir Þór Stefánsson.

Kristinn Kjartansson



Bæjarstjórn Hornafjarðar
óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars



Skaftárhreppur
óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars